



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningar  
á verkum  
Gunnars Magnússonar  
í  
Hönnunarsafni Íslands  
11. febrúar 2011**

Góðir sýningargestir

Á undanförunum árum hefur orðið mikil vakning um gildi íslenskrar hönnunar. Safnið hér í Garðabænum er glæsilegur vitnisburður um þá þróun, sem og árlegir hönnunardagar og margir aðrir viðburðir.

Ný kynslóð hefur haslað sér völl, staðráðin að gera eigin sköpunarkraft og hugmyndaauðgi að aflvél í íslensku atvinnulífi. Flóra nýsköpunar á þessu sviði er litrík og heillandi, fjölskrúðug að gerð og eðli.

Þessi tímamót eru fagnaðarefni en þau eiga sér sögu, rætur í þrotlausu starfi brautryðjenda sem fyrir um hálfri öld lögðu á brattann, létu hvorki skilningsleysi né aðra erfiðleika aftra för, breyttu viðhorfum þjóðarinnar, opnuðu landsmönnum nýja sýn.

Gunnar Magnússon var áhrifamikill liðsmaður í þessari sveit, sótti nám og reynslu til Kaupmannahafnar en hafði þó ætíð æskuslóðirnar í Ólafsfirði í farteskinu; strákur úr vetrarríki Norðurlands, frá þröngum firði undir bröttum fjöllum sem kaus sér það ævistarf að búa húsakynni Íslendinga nýjum stíl, laga smekk okkar að frjóum straumum nýrrar tíðar.

Húsgögn hans og innréttingar urðu umgjörð daglegs lífs, á heimilum og vinnustöðum, mörkuðu spor í sjónræna vitund og gerðu nýjum hönnuðum hægara um vik að ögra ráðandi smekk með verkum sínum.

En Gunnar var líka áhrifavaldur í þjóðarsögu, jafnvel á veraldarvísu, því ekkert borð var um tíma álíka fréttæfni og einvígisborð Fischers og Spassky – og enn hitti ég menn á ferðum mínum sem tala með hrifningu um þennan viðburð, dagana þegar stórveldi kalda stríðsins, Bandaríkin og Sovétríkin, tefldu fram tveimur ungum snillingum við skákborðið hans Gunnars.

Hurðin á Alþingishúsinu hefur svo orðið brennidepill tíðinda í lífi Íslendinga, hvort heldur á hátíðarstundum eða þegar þungar öldur mótmæla knúðu þar dyra.

Það er umhugsunarvert að hönnuður sem skapaði stóla þar sem sérhver gat setið í ró og næði, einn með sjálfum sér eða góðri bók eða í samræðum við vini og fjölskylduna, skuli líka hafa mótað verk sem áttu sinn sess í hringiðu sögunnar, bæði mannkyns og eigin þjóðar.

Lærdómur er einnig í því fólgin fyrir menntastefnu okkar tíma að hæfni þessa hönnuðar var skóluð í iðnnáminu, á verkstöðinni í trésmiðjunni Víði. Þar öðlaðist Gunnar leikni hins agaða handverksmanns; reynslan úr félagsskap iðnaðarmanna fágaði næmi, listrænan smekk.

Verk hans unnu til verðlauna á erlendri grundu en samt kaus hann að gera Ísland að vettvangi sínum, tókst á við þá erfiðleika og andstreymi sem oft settu svip á þjóðlíf fyrri áratuga; sigldi sínu hönnunarfleyi heilu í höfn, skilaði æviverki sem Hönnunarsafn Íslands hefur nú með réttu hafið til vegs og virðingar.

Þannig leitast safnið við að heiðra brautryðjendur í íslenskri hönnun og gera okkur um leið kleift að nálgast dýpri skilning á hönnunarsögu þjóðarinnar og sjá tækifærin í nýsköpunarkrafti hvernar tíðar.

Ég þakka safninu fyrir frumkvæðið, hlakka til að sjá bókina um verk Gunnars, sem væntanleg er í haust og óska honum og fjölskyldunni til hamingju með þennan góða dag.

Með þeim orðum er sýningin opnuð.